Þingskjal nr. __

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir að LH standi fyrir átaki í umgengnismálum.

Greinargerð:
LH standi fyrir átaki í umgengnismálum í samstarfi við hestamannafélögin í landinu. Þegar hestamenn ferðast um landið á sumrin er mikilvægt að sýna fyrirmyndarumgengni, hvort sem riðið er í gegnum eignarlönd eða dvalið í áningarhólfum sem sett hafa verið upp víðsvegar. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að rusl hverfur ekki af sjálfu sér, hvort sem um ræðir í reiðtúr í hesthúsahverfunum eða í lengri hestaferðum. Þá eru mörg hestamannafélög í miklum vanda vegna þess hvernig úrgangi og efnum er safnað í kringum hesthúsin.